

Fimmtudaginn 21. febrúar 1980.

Nr. 8/1979. **Samband veitinga- og gistihúsaeygenda
vegna Hótel Sögu**

(Baldur Guðlaugsson hdl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands
vegna Félags framreiðslumanna**

(Gunnar Sæmundsson hdl.)

Kjarasamningur. Deilt um þjónustugjald framreiðslumanna.
Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 7. þ.m., er höfðað með stefnu útgefni 7. desember 1979.

Stefnandi málsins er Samband veitinga- og gistihúsaeygenda vegna Hótel Sögu.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands vegna Félags framreiðslumanna.

Dómkröfur stefnanda eru þær „að viðurkenndur verði með dómi sá skilningur Hótel Sögu á 1. og 2. gr. gildandi kjarasamnings Félags framreiðslumanna og Sambands veitinga- og gistihúsaeygenda frá 4/9 1979, sbr. 27/5 1977, að framreiðslumenn þeir í þjónustu Hótel Sögu sem að kvöldi laugardagsins 15. september 1979 önnuðust framreiðslu á mat fyrir hóp matargesta á vegum hjúkrunarfræðinga í svonefndum Hliðarsal á 2. hæð Hótel Sögu, hafi einungis átt rétt á að fá greitt 15% almennt þjónustugjald af framreiddum mat sbr. 1. mgr. 1. gr. nefnds kjarasamnings, þar sem ekki hafi verið um að ræða lokað samkvæmi í skilningi 1. mgr. 2. gr. nefnds kjarasamnings og skilyrði til 5% viðbótargjalds skv. þeirri grein samningsins hafi því ekki verið fyrir hendi. Einnig að viðurkenndur verði með dómi sá skilningur Hótel Sögu á 1. og 2. gr. téðs kjarasamnings að framreiðslumaður sá í þjónustu Hótel Sögu sem að kvöldi laugardagsins 10. nóvember 1979 annaðist framreiðslu á mat fyrir hóp matargesta frá Alþýðubankanum í svonefndum Bláa sal á 2. hæð Hótel Sögu hafi einungis átt rétt á að fá greitt 15% almennt þjónustugjald af framreiddum mat sbr. 1. mgr. 1. gr.

áðurnefnds kjarasamnings, þar sem ekki hafi verið um að ræða lokað samkvæmi í skilningi 1. mgr. 2. gr. nefnds kjarasamnings og skilyrði til 5% viðbótargjalds skv. þeirri grein kjarasamningsins hafi því ekki verið fyrir hendi. Þá er þess krafist að Alþýðusamband Íslands vegna Félags framreiðslumanna verði dæmt til að greiða Sambandi veitinga- og gistihúsaiegenda vegna Hótel Sögu málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.“

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir eru þeir, að í 1. mgr. 2. gr. kjarasamnings stefnanda og varnaraðila frá 27. febrúar 1976 var svofellt ákvæði: „Í veislum, lokuðum samkvæmum, þegar dúkað er upp fyrir sameiginlegt borð (veisluborð), skal þjónustugjald framreiðslumanna af mat vera 20% ef fjöldi gesta fer yfir 30“. Við gerð nýs kjarasamnings sem undirritaður var 27. maí 1977 varð ákvæði 1. mgr. 2. gr. samningsins svohljóðandi: „Í veislum, lokuðum samkvæmum, skal þjónustugjald framreiðslumanna af mat vera 20%, ef fjöldi gesta fer yfir 30“. Síðari hluta árs 1977 reis ágreiningur milli sóknaraðila og varnaraðila um skilning á orðunum „lokuðum samkvæmum“ í þessu ákvæði kjarasamningsins. Síðastgreindum kjarasamningi var sagt upp miðað við 1. desember 1978. Við undirbúning nýs kjarasamnings komu fram tillögur frá báðum samningsaðilum um nýtt orðalag umrædds samningsákvæðis. Er ekki náðist samkomulag var ágreiningsmálinu vísað til samstarfsnefndar sóknaraðila og varnaraðila. Nefndarmenn urðu ekki sammála í afstöðu sinni. Álit fulltrúa veitingamanna í nefndinni er svohljóðandi:

„Það er skilningur veitingamanna, að skv. venju og eðli máls og einnig skv. skilningi beggja aðila undanfarin ár á hugtakinu „lokað samkvæmi“, þá sé átt við að samkvæmishaldari, hafi tekið viðkomandi salarkynni á leigu og hafi óskertan ráðstöfunarrétt yfir þeim. Auk þess sjái hann um allan kostnað svo sem hljómsveit, dyravörslu og fleira. Með öðrum orðum að samkvæmið sé haldið í afmörkuðu húsnæði, sé lokað öllum utanaðkomandi og gestir þess blandist ekki öðrum gestum viðkomandi veitingahúss.“

Álit fulltrúa framreiðslumanna var svohljóðandi:

„Það telst lokað samkvæmi í skilningi 1. mgr. 2. gr. kjarasamnings Félags framreiðslumanna og Sambands veitinga- og gistihúsa-

eigenda er hópur matargesta fær að eigin ósk sérstakt húsnæði til afnota meðan matast er. Í þessu sambandi skiptir ekki máli þótt aðrir gestir viðkomandi veitingastaðar fái aðgang að húsnæðinu að borðhaldi loknu, né þótt gestir í samkvæminu eigi aðgang að öðrum salarkynnum hússins.“

Hinn 4. september 1979 undirrituðu fulltrúar Sambands veitinga- og gistihúsaeygenda og Félags framreiðslumanna samning um að framlengja kjarasamninginn frá 27. maí 1977 með nokkrum breytingum, en ákvæði 1. mgr. 2. gr. samningsins stóð óbreytt. Laugardaginn 15. september 1979 var svo framreiddur matur fyrir 116 gesti á vegum hjúkrunarfræðinga í svonefndum Hliðarsal á 2. hæð Hótel Sögu. Laugardaginn 10. nóvember var framreiddur matur fyrir 63 gesti í svonefndum Bláa sal á 2. hæð Hótel Sögu á vegum Alþýðubankans. Í báðum tilvikum töldu framreiðslumenn sér bera 20% þjónustugjald af verði á framreiddum mat, en af hálfu veitingahússins var talið að þeir ættu eingöngu rétt á 15% þjónustugjaldi. Hefur stefnandi höfðað mál þetta til að fá skorið úr þessu ágreiningsefni.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að samkvæmt kjarasamningi Félags framreiðslumanna og Sambands veitinga- og gistihúsaeygenda fái framreiðslumenn laun sín greidd sem þjónustugjald. Sé almennt þjónustugjald jafngildi 15% af verði veitinga til almennings að frátöldu þjónustugjaldi og söluskatti. Hafi svo verið um langt skeið. Um allnokkra hríð hafi verið í kjarasamningum þessara aðila ákvæði þess efnis að þegar sérstaklega standi á skuli þjónustugjald framreiðslumanna af mat vera 20%. Þar til í kjarasamningi frá árinu 1977 hafi þetta verið skilgreint þannig, að í veislum, lokuðum samkvæmum, þegar dúkað væri fyrir sameiginlegt borð (veisluborð), skyldi þjónustugjald framreiðslumanna af mat vera 20% ef fjöldi gesta færi yfir 30. Ástæðan fyrir því að þetta hafi upphaflega komið inn í kjarasamninginn hafi verið sú, að fallist hafi verið á það sjónarmið framreiðslumanna, sem sjálfir greiði aðstoðarfólki sínu laun, að þegar útbúa hafi þurft langborð, þ.e. háborð og langborð út frá því, sem að loknu borðhaldi væri skipt í smærri borð, þá hefði það í för með sér meiri vinnu fyrir framreiðslumenn og yki þörf þeirra fyrir aðstoðarfólk. Þróunin hafi hinsvegar orðið sú, að einkasamkvæmum af þessu tagi hafi fækkað smám saman, en það hafi færst í vöxt að setið væri við fleiri en smærri borð. Röksemdir um aukna vinnu hafi því smám saman tapað gildi sínu.

Hins vegar hafi framreiðslumenn farið að leggja áherslu á að einkasamkvæmi færðu þeim minni tekjur en venjuleg vinna, þar sem húsakynni væru oft illa nýtt í slíkum samkvæmum og framreiðslumenn og aðstoðarfólk þeirra þyrfti iðuleg að sinna takmörkuðum fjölda gesta fram á nótt. Við gerð kjarasamnings þess, sem undirritaður var 27. maí 1977 hafi náðst samkomulag um að fella niður úr ákvæði 1. mgr. 2. gr. skilyrði um tiltekna tilhögun borða, en eftir hafi staðið ákvæði það, sem er í nýgildandi samningi. Aldrei hafi verið gert ráð fyrir að réttur til 20% þjónustugjalds stofnaðist nema þegar um væri að ræða lokuð samkvæmi eða einkasamkvæmi, þ.e. þegar samkvæmi væru haldin í afmörkuðu húsnæði og þau væru lokuð öllum utanaðkomandi frá því gestir koma og þar til þeir hverfa á brott. Það tíðkist hins vegar töluvert að hópar, sem ekki hafi ráð á að leigja sér sérstakt húsnæði og hljóm sveit fyrir samkvæmi eða vildi vera innan um aðra gesti, semji við Hótel Sögu um að fá að vera út af fyrir sig meðan matast er, þótt þeir eftir það blandist öðrum gestum hússins. Þessi tilhögun sé hagkvæm fyrir alla aðila. Gestum sem þarna er um að ræða gefist kostur á að vera út af fyrir sig meðan matast er. Sé hagur veitingahússins og framreiðslumanna sá, að við þetta hafi matargestum fjölgað. Tekjur framreiðslumanna hafi þá ekki verið takmarkaðar við þjónustu við þessa matargesti, því salarkynnin hafi verið opin öðrum gestum að loknu borðhaldi. Hvort sem litið sé til aðdraganda samningsákvæðanna um 20% þjónustugjald eða orðskýringar á orðunum „lokað samkvæmi“ sé ljóst að samkvæmi af því tagi, sem lýst hefur verið geti ekki fallið undir „lokað samkvæmi“ og skapi framleiðslumönnum því ekki rétt til að taka 20% þjónustugjald, enda verði að líta á kvöldin í heild, en ekki einungis borðhaldið. Borðhöld þau, sem um er deilt í máli þessu hafi verið þess eðlis, að tiltekinn hópur matargesta hafi fengið aðstöðu til að matast út af fyrir sig, en að loknu borðhaldi hafi þeir blandast öðrum gestum Hótel Sögu. hafi viðkomandi framreiðslumenn að loknu borðhaldinu þjónað öðrum gestum hússins sem lögðu leið sína í og settust að í viðkomandi salarkynnum. Tekjur framreiðslumannanna hafi því engan veginn takmarkast við sölu veitinga til umræddra matargesta. Því telji stefnandi einsýnt, að ekki hafi verið um að ræða lokuð samkvæmi í skilningi 1. mgr. 2. gr. fyrrenfnds kjarasamnings aðila. Er því haldið fram, að ákvæðið um 20% þjónustugjald sé undantekningarákvæði sem skýra verði þröngt

samkvæmt edli máls og lagarökum. Þurfi bæði að vera um að ræða veislu og lokað samkvæmi til þess að framreiðslumönnum sé heimilt að taka 20% þjónustugjald.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því að samkvæmi þau, sem greind eru í kröfugerð stefnanda, hafi verið veislur samkvæmt almennum skilningi þess orðs. Hafi samkvæmi það sem var í Bláa sal verið lokað þar til því lauk, en samkvæmi það sem var í Hliðarsal hafi verið lokað á meðan matur var framreiddur og gestir neyttu hans. Því hafi framreiðslumönnum verið heimilt að reikna sér 20% þjónustugjald af matarveitingum í báðum samkvæmum samkvæmt ákvæði 1. mgr. 2. gr. kjarasamnings framreiðslumanna við vinnuveitendur sína. Er því haldið fram að orðalagið „lokað samkvæmi“ í samningsákvæði þessu feli aðeins í sér skýringu á hugtakinu veisla. Það teljist lokað samkvæmi er hópur matargesta fái að eigin ósk sérstakt húsnæði meðan matast er svo sem var í báðum þessum tilvikum, og skipti ekki máli þótt aðrir gestir á veitingastaðnum fái aðgang að húsnæðinu að loknu borðhaldi, né þótt gestir í samkvæminu eigi aðgang að öðrum salarkynnum hússins. Ekki skipti hlóðfærsláttur máli í þessu sambandi, enda sé hann ekki nauðsynlegur til veisluhalds. Í gildistíð eldra ákvæðis um þetta efni hafi fyrirkomulag á borðum í veislum skipt máli, en eftir að ákvæðinu var breytt hafi það ekki þýðingu við skýringu á ákvæðinu.

Hér fyrir dómi hefur Konráð Guðmundsson, hóteltstjóri Hótel Sögu, lýst þeirri skoðun sinni að tilvik þau, sem greind eru í kröfugerð stefnanda, falli ekki undir ákvæði 1. mgr. 2. gr. kjarasamnings framreiðslumanna og veitingamanna því þar hafi ekki verið um að ræða lokað samkvæmi eða veislur í þeim skilningi, sem veitingamenn leggi í þetta ákvæði. Veitingamenn telji að til þess að um lokað samkvæmi eða veislur geti verið að ræða þurfi tiltekinn hópur gesta að taka á leigu ákveðinn sal út af fyrir sig þannig að þeir hafi ekkert samneyti við aðra gesti veitingahússins og öðrum sé þar ekki heimill aðgangur. Hópur þessi ráði sína eigin hljómsveit og greiði henni laun. Gestir í sölum þeim sem nefndir eru í kröfugerð stefnanda hljóti alltaf að hafa samneyti við aðra gesti veitingahússins því salir þess séu tengdir öðrum salarkynnum þess. Sé ekki um það að ræða að í Hliðarsal eða Bláa sal verði haldin einkasamkvæmi samkvæmt þeim skilningi sem hann leggur í það orð.

Konráð kveður það hafa farið í vöxt undanfarin 2—3 ár, að hópar fólks vilji vera út af fyrir sig á meðan matast er, en blandast síðan öðrum gestum veitingahússins. Hópar þessir spari sér kostnað við að greiða hljómsveit, dyravörslu og STEF-gjald og annað sem slíku samkvæmi fylgi. Sé þarna um að ræða auknar tekjur fyrir veitingahúsið og framreiðslumenn, þótt vera kunni að þeir þurfi í einstaka tilviki að fjölga aðstoðarfólki.

Árni Eyjólfsson, sem annaðist framreiðslu í Hliðarsal 15. september 1979, kveður gesti í salnum hafa verið 116 og rúmi salurinn varla meira. Þeir framreiðslumennirnir muni ef til vill ekki hafa fengið bein fyrirmæli um það hvort salurinn ætti að vera lokaður eða ekki, en yfirleitt sé hurðum hallað aftur þarna á meðan gestir matast í svona samkvæmum. Stundum komi það fyrir að dyravörður sé við dyrnar og í einu tilviki hafi verið spjald við dyrnar sem gaf til kynna að um einkasamkvæmi væri að ræða. Þótt framreiðslumönnum sé ekki alltaf tjáð að svona samkvæmi þarna séu lokað þá séu þau það í öllum tilvikum. Matur sé yfirleitt ekki framreiddur í Hliðarsal nema um sé að ræða einkasamkvæmi og muni hann ekki eftir nema einu tilviki á þeim fjórum árum sem hann hefur starfað á Hótel Sögu að matur hafi verið framreiddur í Hliðarsal vegna þess að öll borð hafi verið setin í Súlnasal og Bláa sal.

Bárður Guðlaugsson, sem einnig annaðist framreiðslu í Hliðarsal 15. september 1979, kveður gesti hafa verið komna tiltölulega snemma. Þarna hafi átt að vera sameiginlegt borðhald. Gestir hafi verið 116 og hafi salurinn verið fullskipaður. Yfirþjónn og veitingastjóri meti það hverju sinni hversu margt aðstoðarfólk framreiðslumenn skuli hafa til þess að unnt sé að bera fram matinn fyrir alla gestina á sem stystum tíma. Hafi Halldór Malmberg beðið þá framreiðslumennina um að hafa tvær aðstoðarstúlkur hvor. Ekki hafi verið útbúið sérstakt veisluborð, en reynt hafi verið að koma fyrir eins mörgun sameiginlegum borðum og hægt var. Bárður kveðst telja mikinn mun á að framreiða mat fyrir gesti í svona samkvæmi og sama fjölda gesta við almenna veitingasölu. Í samkvæmi eins og þessu sé maturinn tilbúinn á samæ títma fyrir alla og framreitt sé eftir vissum reglum. Til þess að unnt sé að bera matinn fram á sem skemmstum tíma og veita góða þjónustu sé fengið aðstoðar-

fólk. Við almenna veitingasölu komi gestirnir yfirleitt ekki á sama tíma og gefist þá framreiðslumönnum færi á að sinna gestum við hvert borð fyrir sig. Ef samkvæmi þetta hefði ekki verið í Hliðarsalnum kveður Bárður mat ekki hafa verið framreiddan þar.

Sigurður Ásgeirsson, sem annaðist framreiðslu í Bláa sal laugar- daginn 10. nóvember 1979, kveðst hafa fengið þau fyrirmæli frá aðstoðarhótelstjóra að hafa vistlegt hjá gestunum og ættu þeir að hafa svolítið rúmt um sig og ætti salurinn að vera lokaður meðan á borðhaldi stæði. Eitt borð hafi losnað í salnum og hafi það staðið autt. Öðrum gestum hafi ekki verið hleypt inn í salinn eftir að borð- haldi lauk. Hafi hann skilið fyrirmælin þannig að hann ætti ekki að hleypa gestum inn í salinn að loknu borðhaldi. Í samkvæminu hafi verið haldnar ræður. Er hann hafi spurt Halldór Malmberg, veitingastjóra, hafi hann svarað að salurinn ætti að vera lokaður að loknu borðhaldinu. Sigurður kveður það almennt svo þegar hópar matast í Bláa salnum, að þá sé öðrum gestum hleypt inn í salinn að loknu borðhaldi.

Jón Herbert Sigurðsson, sem verið hefur í stjórn Félags framreiðslumanna frá árinu 1972 og formaður eitt ár, hefur starfað á Hótel Sögu frá 1. febrúar og verið trúnaðarmaður í Súlnasal hótels- ins í 2—3 ár, kveðst telja að það hafi í för með sér auknar tekjur fyrir framreiðslumenn sem starfa í Hliðarsal og Bláa Sal, þegar hópar matargesta snæða þar eins og í tilvikum þeim, sem fjallað er um í málinu.

Álit dómsins:

Í máli þessu er deilt um upphæð þjónustugjalds vegna samkvæmis, sem haldið var í Hliðarsal Hótel Sögu, þann 15. september 1979, og samkvæmis sem haldið var í Bláa sal Hótel Sögu, þann 10. nóvember 1979.

Það er komið fram í málinu, að meðan á borðhaldi stóð áttu aðrir gestir Hótel Sögu ekki aðgang að þessum salarkynnum.

Verður því að telja að á meðan svo stóð á hafi verið um að ræða lokuð samkvæmi í skilningi 1. mgr. 2. gr. kjarasamningsins frá 4. september 1979, sbr. kjarasamning frá 27. maí 1977, þannig að framreiðslumenn hafi átt rétt á að fá 20% þjónustugjald, enda liggur fyrir að fjöldi gesta í hvort skipti var yfir 30.

Því ber að sýkna stefnda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Dóm þennan kváðu upp Guðmundur Jónsson, Ragnar Ólafsson og Þorsteinn Thorarensen.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands vegna Félags framreiðslumanna, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda vegna Hótel Sögu, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Bjarna Kristins Bjarnasonar og Páls S. Pálssonar.

Framreiðslumenn fá laun sín greidd sem þjónustugjald og er almennt þjónustugjald jafngildi 15 hundraðshlutum af verði veitinga til almennings að frátöldu þjónustugjaldi og söluskatti, sbr. 1. mgr. 1. gr. kjarasamnings Félags framreiðslumanna og Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda frá 4. september 1979, en sá samningur var í gildi á þeim tíma, sem hér skiptir máli.

Undantekningarnar frá ofangreindri reglu um 15% þjónustugjald er að finna í 1. og 3. mgr. 2. greinar kjarasamningsins. Í 1. mgr. 2. gr. segir: „Í veislum, lokuðum samkvæmum, skal þjónustugjald framreiðslumanna af mat vera 20% ef fjöldi fer yfir 30.“

Í 3. mgr. kjarasamningsins frá 4. september 1979 segir: „Í lokuðum kaffisamsætum skal þjónustugjald vera 20% af kaffi og kaffibrauði, þó á smábordum sé, og án tillits til fjölda gesta, svo og af öllum veitingum á jólatrésskemmtunum.“

Þegar undantekningartilvikin frá aðalreglunni um 15% þjónustugjald eru virt og höfð eru í huga önnur þau atriði, sem hér koma til álita, þá verður að telja vafalaust, að samkvæmið, sem haldið var 15. september 1979 í svokölluðum Hliðarsal á 2. hæð Hótel Sögu hafi ekki verið lokað samkvæmi í skilningi 1. mgr. 2. gr. kjarasamnings frá 4. september 1979, og er þá haft sérstaklega í huga, að eftir borðhaldið gátu veislugestirnir, sem í Hliðarsalnum neyttu matar, tekið þátt í almennum dansleik í aðalsal, Súlnasal og almennir gestir í Súlnasal áttu þess kost eftir borðhald að dvelja í Hliðarsalnum. Telja verður að sama niðurstaða verði varðandi

samkvæmið sem haldið var í svokölluðum Bláa sal, 10. nóvember 1979, enda ber að leggja áherslu á, að gestir í Bláa salnum áttu þess kost að taka þátt í hinni almennu dansskemmtun sem fram fór í Súlnasalnum allt kvöldið eftir borðhald.

Þegar meta skal hvort umrædd samkvæmi voru lokuð í skilningi 1. mgr. 2. gr. kjarasamningsins, ber að hafa hliðsjón af húsaskipan allri, þar sem svonefndur Súlnasalur er miðskips og þangað sóttu gestir til dansiðkana að borðhaldi loknu. Fram er komið í málinu að venjulegur kvöldverður er snæddur á tveim klukkutímum og voru þá eftir til loka samkvæmanna allt að 4—5 klukkutímar, þar sem gestir blönduðust í Súlnasal og einnig að einhverju leyti í Hliðarsal.

Tengsl Súlnasals og króksalanna tveggja eru svo náin, svo sem sjá má á meðfylgjandi upprætti, að eigi er almennt tíðkað að hafa hópveislu í hinum síðastnefndu nema þegar Súlnasalur er opinn fyrir almenning og þegar þar er mest um að vera með leikandi hljómsveitum um helgar. Ennfremur sýnist sérsamkvæmi í öðrum hvorum innsalanna varla geta átt sér stað, ef Súlnasalur er leigður út sér fyrir lokað samkvæmi. Skipulagið leyfir það tæpast.

Grunnrök fyrir hærra þjónustugjaldi en ella, ef snætt er í Bláa sal eða Hliðarsal, svo sem gert var í umrædd sinn, virðast ekki vera fyrir hendi. Viðurkennt er einmitt að sérborðhald í sölum þessum færi báðum aðilum, veitingahúsi og framreiðslumönnum, björg í bú, og sé síður en svo til þess fallin að draga úr tekjum hinna síðarnefndu.

Samkvæmt framanskráðu er það álit okkar, að taka beri viðurkenningarkröfur stefnanda til greina, en eftir atvikum eigi málskostnaður að falla niður.